


Sumarlestur

Lesskilningur er meginmarkmiðið er grein sem Rannveig Lund og Guðlaug Einarsdóttir, sérkennarar í Flataskóla skrifuðu í Skólavörðuna (2. tbl. 10. árg. mars 2010). Þar kemur m.a. fram að ekki séu kennarar sammála um hvort börn eigi að þjálfa sig í lestri í skólaleyfum eða eiga frí frá því. Í rannsókn þeirra kom fram að afturför varð hjá 13 af 18 nemendum fjórða bekkjar í Flataskóla. Afturför varð einnig hjá börnunum í 3. bekk en ekki jafn almenn. Línuritið hér að neðan sýnir einkunn barns í 4. bekk Flataskóla á þremur tímabilum. Fyrstu tvær mælingarnar eru fyrir og eftir sumarleyfi.



Út frá þessum upplýsingum er dregin sú ályktun að upplýsa eigi foreldra um **hættu á afturför í lestri ef ónóg eða engin þjálfun á sér stað yfir langt tímabil** á þessu stigi lestrarþróunar og er það gert hér með. Reynsla kennara við skólann okkar er í samræmi við reynslu sérkennara Flataskóla.

Við viljum hvetja foreldra/forráðamenn til að halda lestri að börnum sínum í sumar, að þau lesi sjálf og að lesið sé fyrir þau. Jafnframt því að bæta lestraferni sína þá er allur lestur af hinu góða, hann eflir málþroska, bætir orðaforða, eykur þekkingu, auðveldar nám og örvar ímyndunarafl nemenda.

Safnahúsið í Borgarnesi (sjá <http://www.safnahus.is/>) er vel búið bókum og starfsfólk safnsins er einstaklega liðlegt í störfum sínum. Safnið er opið í allt sumar og mun standa fyrir sumarlestri í sumar, líkt og síðasta sumar, sjá nánar hér á eftir.

Sumarlestur

Útgefandi: Grunnskólinn í Borgarnesi.

Ábm.: Hilmar Már Arason.

Sumarlestur 2011



Mynd: Elín Elísabet Einarsdóttir

Í fjórða sinn efnir **Héraðsbókasafn Borgarfjarðar** til sumarlesturs fyrir börn á aldrinum **6-12 ára**. Tímabil sumarlesturs er frá **10. júní - 10. ágúst**.

Markmiðið með verkefninu sem þreytt hefur verið víða um land með góðum árangri er: Að nemendur viðhaldi og þjálfí ennfremur, þá lestrarleikni sem þeir hafa tileinkað sér í skólunum yfir veturinn.

Verkefnið er þátttakendum algjörlega að kostnaðarlausu.

Börn á þessum aldri skrá sig í sumarlesturinn á bókasafninu frá og með 10. júní og fá þá um leið skjal þar sem skráðar eru þær bækur sem viðkomandi barn les á ofangreindu tímabili. Þegar bók er aftur skilað á bókasafnið er merkt við hvern titil og nafn þátttakenda sett á miða í pott sem dregið verður úr í lok sumars á sérstakri uppskeruhátíð í Safnahúsi þar sem einhverjir heppnir lestrarhestar hljóta vinning.

Opið verður á bókasafninu í sumar **alla virka daga frá 13-18**.

Öll börn geta gerst lánþegar. Æskilegt er að þau yngstu komi í fylgd fullorðinna fyrstu skiptin. Við hlökkum til að sjá sem flesta krakka á bókasafninu í sumar, starfsfólk Safnahúss Borgarfjarðar.

